

Enn af liðbólgu-sjúkdómum og sagnfræði læknisfræðinnar

Jón Sigurðsson

svæfingalæknir

jsb24@internet.is

Í seinni tíð hef ég haft sérstakan áhuga á hvers kyns sögulegum atriðum sem snerta svæfingar á Íslandi. Einnig les ég gjarnan greinar um söguleg atriði á öðrum sviðum læknisfræðinnar. Þar sem málið er mér skylt er ég þakklátur Leifi Jónssyni fyrir greinargóðan pistil sem hann skrifaði um nuddlækna í aprílhefti *Læknablaðsins*. Í bæklingnum *Liðbólgu-sjúkdómar*, sem Leifur vitnar til í pistlinum, má lesa um miklar framfarir sem orðið hafa í gigtarlækningum síðustu áratugi. Áður fyrr glímdu lækna af veikum mætti við þessa kvilla með meðferðarkostum sem í dag þættu frekar fátæklegir. Í bæklingnum er greint frá merkingum

íslenskra lækna á gigtarsjúkdómum á 17. og 18. öld en hins vegar er ekkert sagt frá gigtarlækningum á Íslandi á fyrri hluta liðinnar aldar. Þeir lækna sem þar komu mest við sögu höfðu fengið „sérfræðingsleyfi í nuddlækningum“ eins og það hét þá, en segja má að þeir hafi í raun verið undanfarar gigtarlækna. Eins og fram kom í pistli Leifs voru fyrstu fimm nuddlækna-arnir Jón Kristjánsson (1923), Karl Jónsson (1930), Björgvin Finnsson (1937), Kristján Hannesson (1940) og Ragnar Sigurðsson (1948). Því má skjóta hér inn að sérfræðileyfi Bjarna Jónssonar 1941 hét beina- og liðasjúkdómar. Sérfræðiviðurkenning Hauks Þórðarsonar endurhæfingarlæknis 1962 hét orkulækningar (nuddlækningar) en það var í síðasta skiptið sem orðið nuddlækningar var notað við útgáfu sérfræðileysis. Látum liggja milli hluta hvort

nuddlækna hafi verið gigtarlækna eða ekki, eða jafnvel endurhæfingarlækna, en því ber hins vegar að halda til haga að árið 1968 fékk Halldór Steinsen fyrstur lækna sérfræðiviðurkenningu í lyflækningum með gigtarsjúkdóma sem undirgrein.

Leiðrétting

Læknablaðið biðst velvirðingar á því að í viðtali við Margréti Kristjánsdóttur og Heiðar Örn Arnarson hjá Sjúkratryggingum Íslands í apríl-blaðinu var misræmi í upptalningu þeirra sem greiða héðan í frá minna fyrir lyf sín. Hið rétta er að það eru: Barnafjölskyldur, ungmenni 18-22 ára og fólk sem er 67 ára og eldra.